

Því úrskurðast:

Framangreindra upplýsinga skal aflað svo fljótt sem unnt er.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1951.

Nr. 12/1949. **Einar Sigurðsson vegna Timburverksmiðju Austurlands** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Verkfall dæmt ólögmaett. Skaðabætur dæmdar. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. júní 1949, af Einari Sigurðssyni vegna Timburverksmiðju Austurlands gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og Sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar.

Munnlegur flutningur máls þessa fór fyrst fram 23. marz 1950. En með úrskurði 30. s. m. ákvað Félagsdómur að afla skyldi frekari gagna áður en málið yrði dæmt. Sú gagnasöfnun tók það langan tíma, að munnlegur málflutningur gat ekki farið fram fyrr en 25. janúar þ. á.

Tildrög máls þessa eru þau sem hér segir:

Hinn 28. marz 1949 sagði Verklýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar, hér eftir nefnt verklýðsfélagið, upp kjarasamningi þeim, er þá gilti milli þess og atvinnurekenda á Fáskrúðsfirði. Eru aðiljar máls þessa sammála um það, að sú uppsögn hafi verið gild, og að kjarasamningnum hafi verið sagt upp frá og með 1. maí það ár. Hinn 9. apríl s. á. komu saman til fundar, til þess að ræða um nýja samninga, samninganefnd verklýðsfélagsins og nokkrir vinnuveitendur. Á þessum fundi kveðast samninganefndarmenn verklýðsfélagsins hafa tilkynnt vinnuveitendum, að vinnustöðvun mundi hefjast hinn 1. maí, ef samningar hefðu ekki komizt á fyrir

30. apríl, og kveðast samninganefndarmenn jafnan hafa lýst yfir hinu sama á síðari samningafundum. Samkvæmt skýrslu fyrisvarsmanna verklýðsfélagsins var aðalfundur félagsins haldinn 16. apríl og kveða þeir, að þar hafi verið mættir um 70 manns. Á þeim fundi hafi verið samþykkt að hefja verkfall með 10 daga fyrirvara, ef samningar kæmust ekki á. Næst virðist það hafa skeð, að svofelld ályktun var samþykkt á fundi stjórnar- og trúnaðarráðs félagsins 25. apríl s. á.:

„Þar sem samningsaðiljar hafa ekki boðað samninganefnd til viðtals viljum vér minna á það, að frestur sá, er gefinn var, er útrunninn 1. maí og verði samningar ekki undirritaðir fyrir þann tíma verður allsherjarverkfall frá þeim degi (1. maí), þar til samningar hafa tekizt.“

Stefndi kveður, að ályktun þessi hafi verið fest upp kl. 11 árdegis þenna sama dag á 5 stólpum í kaптúninu. Þá hafi verið samþykkt á almennum fundi í verklýðsfélaginu hinn 27. apríl s. á. að hefja vinnustöðvun, ef samningar hefðu ekki tekizt fyrir 1. maí.

Stefnandi máls þessa var á framangreindum fundi 9. apríl, en kveðst hafa farið áður en honum var lokið. Kveðst hann hvorki þá né síðar hafa fengið neina tilkynningu um verkfall af hálfu verklýðsfélagsins. Á þessum fundi virðist tveimur vinnuveitendum, þeim Vilhjálmi Björnssyni og Jens Lúðvígssyni, hafa verið falið að fara með samninga af hálfu vinnuveitenda, og samkvæmt vottorði þeirra hefur þeim hvorki þann 25. apríl né síðar verið tilkynnt sérstaklega af hálfu verklýðsfélagsins, að verkfall skyldi hefjast 1. maí. Verður ekki séð, að verkfall af hálfu verklýðsfélagsins hafi í þetta sinn verið boðað á annan hátt en með nefndum götu-
auglýsingum 25. apríl, auk þess sem á það kann að hafa verið minnst á samningafundum, að til verkfalls kæmi, ef samningar tækjust ekki.

Samkvæmt venju var ekki unnið 1. maí 1949, enda bar þann dag upp á sunnudag, en mánudaginn 2. maí hófst almennt verkfall af hálfu verklýðsfélagsins. Þegar þetta gerðist unnu í Timburverksmiðju Austurlands 4 lærðir trésmiðir, einn trésmíðanemi, tveir ungir synir stefnanda og 6 ófaglærðir menn. Þessir 6 verkamenn, sem allir voru í verklýðsfélag-

inu, komu til vinnu 2. maí, að morgni. En er skammt var liðið á vinnutíma kom formaður verklyðsfélagsins á vinnustaðinn ásamt mönnum úr samninganefnd félagsins. Fór svo, að eftir komu þeirra lögðu verkamennirnir 6 niður vinnu, og var verkfall af hálfu félagsins hjá stefnanda til 12. maí s. á., er nýir samningar voru undirritaðir.

Stefnandi telur, að þetta verkfall félagsins hafi verið ólög-
mætt með öllu og stefndi af þeim sökum orðið skaðabótaskyldur gagnvart sér fyrir tjón, sem hann hafi beðið af því, að verkamennirnir 6 lögðu niður vinnu. Hefur hann gert þessar dómkröfur í málinu:

að dæmt verði, að framangreint verkfall hafi verið ólög-
mætt, að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt lögum samkvæmt fyrir að hafa framkvæmt ólög-
mætt verkfall,

að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr.
6197.60 í skaðabætur auk 6% ársvaxta frá 14. júní 1949 til greiðsludags og

að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að
skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og máls-
kostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Hinn 12. maí 1949 komst á af nýju kjarasamningur milli
verklyðsfélagsins og atvinnurekenda, þar á meðal stefnanda. Hann var þó ekki sjálfur viðstaddur undirskriftir, heldur fór bróðir hans með umboð af hans hálfu, til þess að undirrita samningana. Samkvæmt 29. gr. samningsins skyldi hann gilda frá 1. maí 1949, þ. e. frá þeim tíma, er verkfallið hófst. Stefndi heldur því fram, að þar sem skrifað hafi verið fyrirvaralaust undir nýja samninginn af hálfu stefnanda hafi hann firrt sig rétti til þess að geta haft uppi refsí- og bótakröfur gegn stefnda út af nefndu verkfalli. Telur stefndi, að stefnandi hefði orðið að gera áskilnað um það við undirskrift samningsins, ef hann ætlaði sér að halda fram refsí- eða bótakröfum gagnvart sér.

Gegn eindregnum mótmælum stefnanda verður ekki talið, að undirskrift umboðsmanns hans undir samninginn 12. maí 1949 hafi firrt stefnanda rétti til þess að hafa síðar uppi kröfur á hendur stefnda út af verkfalli því, sem um ræðir í

máli þessu, án þess að skýlaus yfirlýsing frá stefnanda, sem fæli í sér afsal á þeim rétti hans, væri fyrir hendi. Slíka yfirlýsingu hefur hann ekki gefið, svo sannað sé, og ekki skiptir máli í þessu sambandi, þótt kjarasamningurinn skyldi gilda frá 1. maí s. á. Er því ekki hægt að taka þessa sýknuástæðu stefnda til greina.

Koma þá til athugunar dómkröfur stefnanda:

1. *Krafan um að verkfallið verði dæmt ólöglegt og refsikrafan.*

Eins og áður er getið hóf verklýðsfélagið verkfall að morgni hins 2. maí 1949. Af því, sem rakið var um aðdraganda verkfallsins, er ljóst, að ákvörðunin um það hefur hvorki verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu samkvæmt a-lið 15. gr. laga nr. 80/1938 né af samninganefnd eða félagsstjórn, sem fengið hafði umboð til þess samkvæmt b-lið sömu greinar.

Samþykktir félagsins, sem í gildi voru í apríl 1949, hafa ekki að geyma nein ákvæði um trúnaðarmannaráð, sbr. c-lið nefndrar greinar, og getur því ákvörðun sú, er gerð var af stjórn og trúnaðarráði félagsins 25. s. m., og að framan er greind, þegar af þeirri ástæðu ekki komið í stað ákvörðunar trúnaðarmannaráðs samkvæmt nefndum c-lið 15. gr. Ákvörðun um verkfall þetta var þannig ekki tekin með þeim hætti, er lög mæla fyrir um, og var verkfallið því ólöglegt. Hefur stefndi með þessu gerzt brotlegur við 15. gr. laga nr. 80/1938.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að verklýðsfélagið hafi tilkynnt atvinnurekendum á Fáskrúðsfirði, að verkfall skyldi hefjast 2. maí, með öðrum hætti en götuauglýsingum, sem festar voru upp árdegis hinn 25. apríl. Þetta var ekki fullnægjandi tilkynning til stefnanda um verkfallið, sem beindist gegn honum, hvorki um tilkynningaraðferð né fyrirvara. Hefur stefndi með þessu brotið ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938.

Samkvæmt yfirlýsingu héraðssáttasemjarans á Austurlandi tilkynnti verklýðsfélagið honum ekki ákvörðun sína um að hefja verkfall fyrr en 2. maí, eða sama daginn og verkfallið hófst. Var þetta einnig brýnt brot á 16. gr. nefndra laga.

Af því sem greint hefur verið leiðir, að taka ber til greina þá kröfu stefnanda, að oftnefnt verkfall verði dæmt ólöglegt og að stefndi verði dæmdur til refsingar. Þykir hún samkvæmt

70. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 14/1948, hæfilega ákveðin 700 króna sekt, er renni í ríkissjóð.

2. *Skaðabótakrafan.*

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á því, að sökum verkfallsboðunar verklýðfélagsins hafi 6 verkamenn, sem hjá honum unnu, lagt niður vinnu um hádegi 2. maí 1949 og ekki komið aftur til vinnu meðan verkfallið stóð yfir. Þetta hafi valdið honum tjóni, sem stefnda sé skylt að bæta, bæði sökum þess, að verkfallið hafi verið ólöglegt og auk þess hafi formaður verklýðsfélagsins komið á vinnustað hjá sér fyrir hádegi 2. maí og mennirnir þá hætt vinnu sökum komu hans, en þeir voru allir í verklýðsfélaginu.

Stefndi hefur mótmælt því, að hafa orðið bótaskyldur gagnvart stefnanda, enda hafi hann ekkert tjón hlotið, þótt þessir 6 verkamenn legðu niður vinnu. Mótmælir hann því, að koma formanns verklýðsfélagsins á vinnustað stefnanda hafi valdið því, að verkamennirnir hættu vinnu sinni, enda hafi stefnandi, sem viðstaddur var, aldrei skorað á þá að halda áfram vinnunni.

Ljóst er af öllum málavöxtum, að það er verkfallsboðun verklýðsfélagsins og koma formanns félagsins á vinnustað stefnanda, sem veldur því, að verkamennirnir hætta vinnu hjá stefnanda. Eins og áður segir, var verkfallið ólöglegt og er stefnandi því skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir það tjón, sem hann kann að hafa hlotið af verkfalli þessara verkamanna.

Stefndi sundurliðar skaðabótakröfu sína svo:

- | | |
|-------------------------------|------------|
| 1. Töpuð álagning á vinnu .. | kr. 957.60 |
| 2. Töpuð álagning á efni | — 240.00 |
| 3. Óbeint tjón | — 5000.00 |

Samtals kr. 6197.60

Kröfu um bætur fyrir tapaða álagningu á vinnu byggir stefnandi á því, að samkvæmt kjarasamningnum, sem undirritaður var 12. maí, en átti að gilda frá 1. maí, hafi dagvinnukaup verkamanna verið ákveðið kr. 2.80 pr. klst. Þetta nemi með verðlagsuppbót kr. 8.40 pr. klst. og verði þá dagkaup fyrir 8 klst. vinnu alls kr. 67.20. Þá telur stefnandi sig hafa

tapað af vinnu þessara verkamanna í 9½ dag og hefðu þeir allir 6 átt að fá í kaup á þessu tímabili samtals kr. 3.830.40. Samkvæmt verðlagsákvæðum hefði sér verið heimilt að leggja 25% á vinnu þessara starfsmanna sinna og hefði hann því tapað sem svaraði þeirri fjárhæð, eða kr. 957.60.

Stefndi hefur mótmælt þessum útreikningi sem réttum grundvelli undir mögulegt tap stefnanda og bent á, að þessi 25% séu ætluð stefnanda til þess að mæta ýmsum útgjöldum vegna mannahaldsins, svo sem tryggingargjöldum o. fl., og geti aldrei orðið hreinn ágóði.

Kröfu sína um tapaða álagningu á efni byggir stefnandi á því, að hann hafi ekki getað sökum verkfallsins smíðað trillubát fyrir nafngreindan mann. Efni í bát þenna muni hafa kostað kr. 2000.00 og hefði hann því samkvæmt réttum álagningarreglum átt að fá hreinan ágóða 12% af þeirri fjárhæð, eða kr. 240.00.

Loks kveðst stefnandi hafa orðið fyrir ýmsu óbeinu tjóni vegna verkfallsins og áætlað hann það tjón sitt kr. 5000.00 samtals.

Báðum þessum síðasttöldu kröfufliðum hefur stefndi mótmælt sem rakalausum. Kveður hann stefnanda ekkert óbeint tjón hafa hlotið og umræddan bát hafi hann síðar smíðað fyrir sama mann og þannig engu tapað í efnissölu.

Telja verður, að stefndi hafi leitt að því næg rök, að hann hafi orðið fyrir fjártjóni við að missa af þjónustu þessara sex verkamanna í hartnær 10 daga í öndverðum maímánuði, enda þótt aðrir starfsmenn í timburverksmiðju hans gætu haldið áfram störfum. Þykja bætur honum til handa hæfilega metnar kr. 1000.00 samtals og ber að dæma stefnda til þess að greiða honum þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt er.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

1. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, greiði kr. 700.00 sekt í ríkissjóð.

2. Stefndi greiði stefnanda, Einari Sigurðssyni f. h. Timburverksmiðju Austurlands, kr. 1000.00 með 6% ársvöxtum frá 14. júní 1949 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Gunnlaugs E. Briem.

Ég er samþykktur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel, að sýkna beri stefnda af skaðabótakröfu stefnanda, þar sem stefnandi hefur ekki við undirskrift sammingsins 12. maí 1949 áskilið sér rétt til þess að krefjast skaðabóta.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Ég er ósamþykktur meiri hluta dómsins, þar eð ég tel, að stefnandi hafi með undirskrift sammingsins 12. maí 1949, án nokkurs áskilnaðar, firrt sig öllum rétti til krafna á hendur stefnda.

Dómsatkvæði mitt verður því þannig:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Sigurðssonar vegna Timburverksmiðju Austurlands, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. apríl 1951.

Nr. 5/1951. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akraness vegna Haralds Böðvarssonar & Co.** (Björgvin Sigurðsson hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akraness (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Uppsögn kjarasammings og eftirfarandi verkfallsboðun dæmd ógild. Sératkvæði.

Dómur

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akraness vegna Haralds Böðvarssonar & Co. gegn Alþýðusambandi Íslands f. h.